

Grindavíkurbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Víkurbraut 62
240 Grindavík



Reykjavík 16. júní 2015
UST201505-132/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi á iðnaðarsvæði i7 í Grindavík

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi á svæði i7 í Grindavík.

Deiliskipulagstillagan tekur til u.þ.b. 95 ha hluta af iðnaðarsvæði merkt i7, en þar áformar Íslandsbleikja að halda áfram uppbyggingu á fiskeldi. Fyrirhuguð er stækkun á eldisrými Íslandsbleikju úr 25.000 rúmmetrum í 66.000 rúmmetra með fjölgun eldiskerja og framleiðsluaukningu úr 1.600 tonn á ári í um 3.000 tonn. Fram kemur í umhverfisskýrslu að væntanleg framkvæmd hafi verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og niðurstaðan hafi verið sú að ofangreind stækkun væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Landnotkun

Umhverfisstofnun bendir á að landnotkun í tillögu að deiliskipulagi fiskeldis á iðnaðarsvæði i7 við Grindavík og gildandi aðalskipulagi Grindavíkur ber ekki saman hvað varðar austurmörk ofangreinds iðnaðarsvæðis. Í tillögu að deiliskipulagi nær iðnaðarlóðin lengra austur en sýnt er í gildandi aðalskipulagi.

Verndarákvæði

Í greinargerð kemur eftirfarandi fram: „Í kynningarferlinu benti Grindavíkurbær á að samkvæmt 3. áfanga stækkunarinnar væru eldisker utan skilgreinda iðnaðarsvæðisins og á svæði á náttúruminjaskrá. Skipulags- og umhverfissvið Grindavíkurbæjar og Umhverfisstofnun hafa síðan komist að því að mörk iðnaðarsvæðis og svæðis á náttúruminjasvæðis skulu fylgja lóðarmörkum Íslandsbleikju og fjörunni.“ Umhverfisstofnun bendir á að mörk svæða á náttúruminjaskrá eru ákveðin í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og hefur Umhverfisstofnun ekki umboð til að ákvarða mörk svæða á náttúruminjaskrá. Ef mörk iðnaðarsvæðis og lóðar Íslandsbleikju fylgja mörkum svæðis nr. 105 á náttúruminjaskrá, liggja þau vestar en sýnt er á uppdrætti þar sem vesturmörk náttúruminjasvæðis eru við Stekkjarnef.

Umhverfisstofnun bendir á að svæði nr. 105 í náttúruminjaskrá er Strandsvæði vestan Grindavíkur. Í náttúruminjaskránni segir: „Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Stekkjarnefi. Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.“ Umhverfisstofnun bendir á að svæði á náttúruminjaskrá eru ætíð sýnd með skraferingu á skipulagstillögum svo aðgreina megi þau frá öðrum svæðum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna svæði á náttúruminjaskrá með skraferingu á deiliskipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. ákvæði skipulagsreglugerðar er áfangi 3 staðsettur of nærri fjörunni. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó: Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Áfangi 3 skal því áætlaður 50 metra frá fjörunni. Umhverfisstofnun bendir á að í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030 er sýndur göngustígur meðfram ströndinni sem þarf að taka tillit til. Einnig bendir stofnunin á að í lögum nr. 44/1999, kafla III um almannarétt, umgengni og útivist kemur fram í gr. 22, að óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Borholur

Fram kemur í greinargerð í kaflanum um markmið og í umfjöllun um borholur að áætlað er að bora eftir vatni til nýtingar við fiskeldið. Einnig kemur fram vöktunaráætlun skuli gerð í samráði við Orkustofnun og Grindavíkurbæ. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. kafla 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna að minnsta kosti 100 l/sek, framkvæmd sem tilkynna skal til Skipulagsstofnunar.


Landslag


Í umhverfisskýrslu kemur fram að ekki sé um röskun á ósnortnu landi að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að áfangi 3 sem er staðsettur of nærri strandlengju myndi hafa veruleg sjónræn áhrif á strandlengjuna. Skv. áætlun ná kerin í sjó fram sem er ekki ásættanlegt vegna þess rasks sem verður á strandlengju.

Í samantekt er tafla á bls. 16 og í henni kemur fram að áætlaðar framkvæmdir hafi engin áhrif á landslag. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á það, þar sem hrauni er raskað við framkvæmdir. Einnig bendir stofnunin á að ef áætlunin gengur eftir þannig að áfangi 3 gangi í sjó fram þá verða verulega neikvæð áhrif á fallegan hraunkant sem er meðfram fjörunni. Í sömu töflu eru settir 2 plúsar sem jákvæð áhrif frá áætluninni á atvinnulíf og efnisleg verðmæti, en þessi jákvæðu áhrif eru lítt rökstudd í tillögunni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint deiliskipulag er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Grindavíkur. Stofnunin bendir einnig á að framkvæmdir eru áætlaðar alveg í fjöru fram sem er í mótsögn við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri